

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald á Akranesi.

1. gr.

Eigendur katta á Akranesi skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald á Akranesi. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 1. janúar og eindaga 1. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald að upphæð kr. 3.500.

Fyrir hverja handsömun skráðs kattar, sem er á flækingi og veldur ónæði skal eigandi hans greiða kr. 2.500 ásamt útlögðum kostnaði til að fá köttinn afhentan aftur. Ef eigandi gefur sig ekki fram innan 7 sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa köttinn, samanber 6. gr. í samþykkt um kattahald á Akranesi nr. 28/2007.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar með vísan í samþykkt um kattahald á Akranesi, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Akranesi, 22. janúar 2007.

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri.